

LÖG

um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað „18%“ í 1. málsl. 3. mgr. 66. gr. laganna kemur: 20%.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á A-lið 68. gr. laganna:

- a. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Þannig skal fjárhæð barnabóta og skerðingarmörk vegna tekna, sbr. 4. mgr., ákvarðast í hlutfalli við dvalartímann.
- b. 3. mgr. fellur brott.
- c. Í stað orðanna „Til viðbótar barnabótum skv. 3. mgr. skal greiða“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: Greiða skal.
- d. Í stað „2%“ í 5. málsl. 4. mgr. kemur: 3%.
- e. Við 4. mgr. bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Til viðbótar barnabótum samkvæmt þessari málsgrein skal greiða tekjutengdar barnabætur með öllum börnum yngri en sjö ára á tekjuárinu. Skulu þær árlega nema 61.191 kr. og skal skerðingarhlutfall þeirra vera 3% með hverju barni.

3. gr.

Í stað orðsins „Gjaldfallnir“ og orðsins „gjaldfallnar“ í 1. tölul. 2. mgr. B-liðar 68. gr. laganna kemur: Greiddir; og: greiddar.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 70. gr. laganna:

- a. Í stað „15%“ í 1. mgr. 2. tölul. kemur: 18%.
- b. Í stað „10%“ í 2. mgr. 2. tölul. kemur: 15%.
- c. Í stað „15%“ í a-lið 3. tölul. kemur: 18%.
- d. Í stað „18%“ í b-lið 3. tölul. kemur: 20%.
- e. Í stað „32,7%“ í c-lið 3. tölul. kemur: 36%.
- f. Í stað „18%“ í b-lið 4. tölul. kemur: 20%.
- g. Í stað „32,7%“ í c-lið 4. tölul. kemur: 36%.
- h. Í stað „18%“ í a-lið 5. tölul. kemur: 20%.

- i. Í stað „18%“ í b-lið 5. tölul. kemur: 20%.
- j. Í stað „18%“ í 6. tölul. kemur: 20%.
- k. Í stað „18%“ í a-lið 7. tölul. kemur: 20%.
- l. Í stað „15%“ í b-lið 7. tölul. kemur: 18%.
- m. Í stað „18%“ í a-lið 8. tölul. kemur: 20%.
- n. Í stað „15%“ í b-lið 8. tölul. kemur: 18%.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. laganna:

- a. Í stað „18%“ í 1. mgr. kemur: 20%.
- b. Í stað „32,7%“ í 2. mgr. kemur: 36%.
- c. Í stað „18%“ í 3. mgr. kemur: 20%.
- d. Í stað „18%“ í 2., 4. og 5. másl. 4. mgr. kemur: 20%.

6. gr.

Við lögina bætast fimm ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (I.)

Prátt fyrir ákvæði 2. másl. 8. mgr. A-liðar 68. gr. um greiðslu barnabóta verður barnabótum ekki skuldajafnað á móti opinberum gjöldum til ríkissjóðs, opinberum gjöldum til sveitarfélaga og vangreiddum meðlögum til Innheimtustofnunar sveitarfélaga á árinu 2011.

b. (II.)

Prátt fyrir h-lið ákvæðis til bráðabirgða XXXIII skal á framtalsskyldar eignir skv. 72. gr. í lok árána 2010 og 2011 við álagningu 2011 og 2012 reikna auðlegðarskatt manna þannig: Af fyrstu 75.000.000 kr. af auðlegðarskattsstofni einstaklings og fyrstu 100.000.000 kr. af samanlögðum auðlegðarskattsstofni hjóna greiðist enginn skattur. Af auðlegðarskattsstofni yfir þeim mörkum greiðast 1,50%. Auðlegðarskattsstofn vegna árána 2010 og 2011 skal endurreikna við álagningu opinberra gjalda 2012 og 2013 með tilliti til viðbótareigna skv. b-lið ákvæðis til bráðabirgða XXXIII. Sá mismunur sem myndast við þann endurreikning og er umfram viðmiðunarmörk 1. másl. skal skattlagður við álagningu opinberra gjalda 2012 og 2013.

c. (III.)

Við endurreikning á gengistryggðum húsnæðis- og bílalánnum einstaklinga utan atvinnurekstrar í lán í íslenskum krónum, sbr. dóm Hæstaréttar frá 16. júní 2010 þar sem gengistryggðir bílasamningar voru dæmdir ólögmatir, skulu inneignarvextir skuldara sem ákvarðaðir eru af þessum sökum á árunum 2010 og 2011 ekki teljast til fjármagnstekna. Endurútreikningur afborgana og vaxta af þessum sökum skal ekki hafa áhrif á áður ákvarðaðar vaxtabætur eða barnabætur hvort sem er til hækkunar eða lækkunar, nema skattaðili fari fram á endurákvörðun þeirra og skal ríkisskattstjóri þá taka til greina beiðni skattaðila um breytingu á ákvörðun um skattstofn eða skattálagningu, þó lengst sex tekjuár aftur í tímann, talið frá því ári þegar beiðni kemur fram, enda liggi verulegir hagsmunir að baki slíkri beiðni. Beiðni skal byggjast á nýjum gögnum og upplýsingum sem ekki var unnt að koma að innan tímamarka 99. gr. Þá skulu skilyrði 96. gr. uppfyllt ef um hækkun er að ræða. Víkja má frá þessum tímamörkum ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Heimilt er skattaðila að kæra breytingar til yfirskattanefndar, sbr. lög nr. 30/1992.

Endurútreikningur afborgana og vaxta, sbr. 1. mgr., hefur ekki áhrif á bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Þá hefur endurútreikningurinn ekki áhrif á greiðslu húsaleigubóta skv. 9. gr. laga um húsaleigubætur, greiðslu barnabóta eða vaxtabóta skv. 68. gr., atvinnuleysisbóta skv. 36. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, sbr. 22. gr. laga nr. 22/2006, og námslán Lánasjóðs íslenskra námsmanna, sbr. 1. gr. laga nr. 21/1992.

d. (IV.)

Prátt fyrir ákvæði 1. másl. 3. mgr. B-liðar 68. gr. skal viðmiðunarhlutfall hámarksvaxtagjalda af skuldum, sem þar er tilgreint, vera 7% við ákvörðun vaxtabóta á árunum 2011 og 2012 vegna tekna, eigna og skulda á árunum 2010 og 2011.

Prátt fyrir ákvæði 3. másl. 3. mgr. B-liðar 68. gr. skulu hámarksfjárhæðir vaxtagjalda til útreiknings vaxtabóta, sem þar eru tilgreindar, vera 800.000 kr., 1.000.000 kr. og 1.200.000 kr. við ákvörðun vaxtabóta á árunum 2011 og 2012 vegna tekna, eigna og skulda á árunum 2010 og 2011.

Prátt fyrir ákvæði 1. másl. 4. mgr. B-liðar 68. gr. skal viðmiðunarhlutfall, sem þar er tilgreint, vera 8% við ákvörðun vaxtabóta á árunum 2011 og 2012 vegna tekna, eigna og skulda á árunum 2010 og 2011.

Prátt fyrir ákvæði 7. másl. 4. mgr. B-liðar 68. gr. skulu skerðingarfjárhæðir eigna að frádregnum skuldum, sem þar eru tilgreindar, vera 4.000.000 kr. og 6.500.000 kr. við ákvörðun vaxtabóta á árunum 2011 og 2012 vegna tekna, eigna og skulda á árunum 2010 og 2011.

Prátt fyrir ákvæði 11. og 13. másl. 4. mgr. B-liðar 68. gr. skulu viðmiðunarfjárhæðir, sem þar eru tilgreindar, vera 400.000 kr., 500.000 kr., 600.000 kr. og 5.000 kr. við ákvörðun vaxtabóta á árunum 2011 og 2012 vegna tekna, eigna og skulda á árunum 2010 og 2011.

e. (V.)

Við álagningu opinberra gjalda á árunum 2011 og 2012 skal ákvarða mönnum sérstaka vaxtaniðurgreiðslu með eftirfarandi hætti:

1. Sérstök vaxtaniðurgreiðsla skal vera 0,6% af skuldum vegna lána sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota, þar með talin eru kaup á búseturétti samkvæmt lögum nr. 66/2003 og kaup á eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð samkvæmt eldri lögum, eins og þær eru í árslok 2010 og 2011. Hjá þeim sem skattskyldir eru hluta úr ári vegna brottflutnings á tekjuárinu skal miða við skuldastöðu eins og hún var fyrir brottflutning.
2. Sérstök vaxtaniðurgreiðsla getur aldrei verið hærri en 200.000 kr. á ári fyrir hvern mann og 300.000 kr. á ári fyrir einstætt foreldri og hjón eða sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði fyrir samsköttun, sbr. 3. mgr. 62. gr., í lok tekjuárs. Hámark sérstakrar vaxtaniðurgreiðslu hjá þeim sem skattskyldir eru skv. 1. gr. hluta úr ári ákvarðast í hlutfalli við dvalartíma á árinu.
3. Sérstök vaxtaniðurgreiðsla skerðist hlutfallslega fari eignir skv. 72. gr., að frádregnum skuldum skv. 1. mgr. 75. gr., fram úr 10.000.000 kr. hjá einstaklingi og 15.000.000 kr. hjá einstæðu foreldri og hjónum eða sambýlisfólki uns hún fellur niður við tvöfalda þá fjárhæð.
4. Sérstök vaxtaniðurgreiðsla að viðbættum vaxtabótum skv. B-lið 68. gr. má ekki vera hærri en vaxtagjöld ársins vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota, þar með talin eru kaup á búseturétti samkvæmt lögum nr. 66/2003 og kaup á eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð samkvæmt eldri lögum.

5. Sérstaka vaxtaniðurgreiðsla skal greiða með jöfnum hætti og í tvennu lagi hvort gjaldárið fyrir sig 2011 og 2012. Skal fyrri greiðsla ársins fara fram 1. maí og hin síðari 1. ágúst að lokinni álagningu opinberra gjalda.
6. Um rétt til sérstakrar vaxtaniðurgreiðslu gilda að öðru leyti ákvæði B-liðar 68. gr. um vaxtabætur eftir því sem við á.
7. Sérstök vaxtaniðurgreiðsla samkvæmt ákvæði þessu telst ekki til skattskyldra tekna.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.

7. gr.

Í stað „18%“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: 20%.

8. gr.

Í stað „18%“ í 3. og 4. másl. 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: 20%.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 86/2007, um skattlagningu kaupskipaútgæðar, með síðari breytingum.

9. gr.

Í stað „18%“ í 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: 20%.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 14/2004, um erfðafjárskatt, með síðari breytingum.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. Í stað „5%“ í 1. mgr. kemur: 10%.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „1.000.000 kr.“ í 2. mgr. kemur: 1.500.000 kr.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „83,54 kr.“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: 86,90 kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „75,14 kr.“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: 78,15 kr.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „100,73 kr.“ í 3. tölul. 1. mgr. kemur: 101,74 kr.
- d. Við 1. mgr. bætist nýr tölulíður, svohljóðandi: Af áfengi sem selt er í tollfrjálsum verslunum sem falla undir ákvæði 2. mgr. 104. gr. tollalaga, nr. 88/2005: 10% af áfengisgjaldi skv. 1.–3. tölul.
- e. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Gerir ferðamaður, skipverji eða flugverji grein fyrir áfengi á tollafgreiðsluhliði sem er umfram tollfrjálssar heimildir skv. 5.–7. tölul. 6. gr. ber honum einungis að greiða mismun áfengisgjalds skv. 1.–3. tölul. og skv. 4. tölul. 1. mgr., enda framvísi hann greiðslukvittun sem sýni fram á að áfengið hafi verið keypt í tollfrjálssri verslun hér á landi.

12. gr.

Við 1. másl. 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna bætist: sbr. þó 4. tölul. 1. mgr. 3. gr.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „325,13 kr.“ í 1. tölul. 2. mgr. kemur: 347,90 kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „3,85 kr.“ í 2. tölul. 2. mgr. kemur: 4,12 kr.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „11,63 kr.“ í 3. tölul. 2. mgr. kemur: 12,45 kr.
- d. Við 2. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Af tóbaki sem selt er í tollfrjálsum verslunum sem falla undir ákvæði 2. mgr. 104. gr. tollalaga, nr. 88/2005: 40% af tóbaksgjaldi skv. 1.–3. tölul.
- e. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Gerir ferðamaður, farmaður eða aðrir grein fyrir tóbaki á tollafgreiðsluhliði sem er umfram tollfrjálssar heimildir skv. 2. mgr. 10. gr. ber honum einungis að greiða mismun tóbaksgjalds skv. 1.–3. tölul. og skv. 4. tölul. 2. mgr., enda framvísi hann greiðslukvittun sem sýni fram á að tóbakið hafi verið keypt í tollfrjálssri verslun hér á landi.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „408,40 kr.“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: 437,00 kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „20,41 kr.“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: 21,85 kr.
- c. Á eftir orðunum „hafa meðferðis“ í 2. mgr. kemur: sbr. þó 4. tölul. 2. mgr. 9. gr.

VI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 129/2009, um umhverfis- og auðlindaskatta.

15. gr.

Í stað fjárhæðanna „2,90 kr.“, „2,60 kr.“, „2,70 kr.“ og „3,60 kr.“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: 4,35 kr.; 3,80 kr.; 4,10 kr.; og: 5,35 kr.

VII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

16. gr.

Ákvæði til bráðabirgða VIII í lögnum orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 11. og 12. gr. er réttthafa séreignarsparnaðar heimilt á tímabilinu 1. janúar 2011 fram til 1. apríl 2011 að sækja um útgreiðslu séreignarsparnaðar, sem myndast hefur af viðbótariðgjaldi skv. II. kafla, til vörsluaðila skv. 3.–5. mgr. 8. gr. og skal greiðslum háttað eftir því sem nánar er mælt fyrir um í ákvæði þessu.

Heimilt er á því tímabili sem tilgreint er í 1. mgr. að hefja útborgun innstæðu séreignarsparnaðar réttthafa, ásamt vöxtum, að fjárhæð sem hinn 1. janúar 2011 nemur samanlagt allt að 5.000.000 kr. óháð því hvort sú heildarfjárhæð séreignarsparnaðar er í vörslu hjá fleiri en einum vörsluaðila. Skal sú fjárhæð greiðast út með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, að frádreginni staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, á 12 mánaða tímabili frá því að beiðni um útgreiðslu er lögð fram hjá vörsluaðila. Útgreiðslutími styttest hlutfallslega ef um lægri fjárhæð en 5.000.000 kr. er að ræða.

Við ákvörðun fjárhæðar réttthafa til útborgunar skal draga frá hámarksfjárhæð, þ.e. allt að 5.000.000 kr., samanlagða fjárhæð þess séreignarsparnaðar sem þegar hefur verið greiddur út á grundvelli ákvæðisins eins og það hljóðaði fyrir 1. janúar 2011. Sé óskað eftir útgreiðslum samkvæmt ákvæði þessu fellur fyrra greiðslufyrirkomulag niður, en samanlögð heimil

heildarfjárhæð útborgunar, allt að 5.000.000 kr., greiðist út í samræmi við ákvæði 2. mgr., sbr. fyrri málslið þessarar málsgreinar.

Óski réttshafi eftir útgreiðslu séreignarsparnaðar skv. 2. mgr. skal hann leggja fram umsókn þess efnis hjá viðkomandi vörsluaðila. Ef réttshafi á séreignarsparnað hjá fleiri en einum vörsluaðila skal hann gera grein fyrir því í umsókn sinni.

Vörsluaðilar séreignarsparnaðar taka ákvörðun um umsókn réttshafa skv. 2. mgr. og hafa umsjón með útgreiðslu á séreignarsparnaði hans.

Skuldheimtumönnum er óheimilt að krefjast þess að skuldarar taki út séreignarsparnað sinn samkvæmt þessu ákvæði, sbr. 2. mgr. 8. gr.

Ríkisskattstjóri hefur eftirlit með útgreiðslum séreignarsparnaðar samkvæmt ákvæði þessu.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um fyrirkomulag eftirlits og útgreiðslu séreignarsparnaðar.

Útgreiðsla séreignarsparnaðar samkvæmt ákvæði þessu hefur ekki áhrif á bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Þá hefur útgreiðslan ekki áhrif á greiðslu húsaleigubóta skv. 9. gr. laga um húsaleigubætur, greiðslu barnabóta eða vaxtabóta skv. 68. gr. laga um tekjuskatt, atvinnuleysisbóta skv. 36. gr. laga um atvinnuleysistryggingar og greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, sbr. 22. gr. laga nr. 22/2006.

Um afgreiðslu umsókna, sem borist hafa í gildistíð eldra ákvæðis og óafgreiddar kunna að vera, skal fara eftir ákvæði þessu, svo breyttu, frá og með gildistöku þess.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald, með síðari breytingum.

17. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „52,77 kr.“ í 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: 54,88 kr.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. 4. mgr. orðast svo:

Kílómetragjald af gjaldskyldum bifreiðum skv. 1. tölul. 1. mgr., sbr. 3. tölul., skal vera sem hér segir:

<i>Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg</i>	<i>Kílómetra- gjald, kr.</i>	<i>Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg</i>	<i>Kílómetra- gjald, kr.</i>
10.000–11.000	0,27	21.001–22.000	6,45
11.001–12.000	0,83	22.001–23.000	7,01
12.001–13.000	1,39	23.001–24.000	7,57
13.001–14.000	1,96	24.001–25.000	8,13
14.001–15.000	2,52	25.001–26.000	8,69
15.001–16.000	3,08	26.001–27.000	9,26
16.001–17.000	3,64	27.001–28.000	9,82
17.001–18.000	4,20	28.001–29.000	10,38
18.001–19.000	4,76	29.001–30.000	10,94
19.001–20.000	5,32	30.001–31.000	11,50
20.001–21.000	5,89	31.001 og yfir	12,06

b. 6. mgr. orðast svo:

Sérstakt kílómetragjald af gjaldskyldum ökutækjum skv. 2. mgr. skal vera sem hér segir:

<i>Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg</i>	<i>Kílómetra- gjald, kr.</i>	<i>Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg</i>	<i>Kílómetra- gjald, kr.</i>
5.000–6.000	7,91	18.001–19.000	20,88
6.001–7.000	8,55	19.001–20.000	21,82
7.001–8.000	9,21	20.001–21.000	22,78
8.001–9.000	9,87	21.001–22.000	23,72
9.001–10.000	10,50	22.001–23.000	24,66
10.001–11.000	11,44	23.001–24.000	25,60
11.001–12.000	12,66	24.001–25.000	26,56
12.001–13.000	13,87	25.001–26.000	27,50
13.001–14.000	15,08	26.001–27.000	28,44
14.001–15.000	16,30	27.001–28.000	29,39
15.001–16.000	17,51	28.001–29.000	30,34
16.001–17.000	18,72	29.001–30.000	31,28
17.001–18.000	19,94	30.001–31.000	32,22
		31.001 og yfir	33,18

IX. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum,
eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.**

19. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „22,94 kr.“ í 14. gr. laganna kemur: 23,86 kr.

20. gr.

Í stað fjárhæðanna „37,07 kr.“ og „39,28 kr.“ í 2. másl. 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: 38,55 kr.; og: 40,85 kr.

X. KAFLI

Breyting á lögum nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf., með síðari breytingum.

21. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „17.200 kr.“ í 4. másl. 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: 17.900 kr.

XI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 132/1999, um vítamál, með síðari breytingum.

22. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „125,12 kr.“ í 1. másl. 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: 130,12 kr.

XII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

23. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „8.400 kr.“ í 2. másl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: 8.700 kr.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða VI í lögumum:

- a. Í stað orðanna „1. janúar 2010 til og með 31. desember 2010“ kemur: 1. janúar 2011 til og með 31. desember 2011.
- b. Í stað orðanna „laga nr. 17/2008“ kemur: laga nr. 120/2009.

XIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl., með síðari breytingum.

25. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Prátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna, með síðari breytingum, skal gjald sem rennur til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga vera 698 kr. á mánuði árið 2011 fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári.

XIV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, með síðari breytingum.

26. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Prátt fyrir ákvæði laganna skal skuldbinding ríkisins skv. 60. gr. á árinu 2011 samkvæmt sérstöku samkomulagi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar vera 1.276,3 millj. kr. á árinu 2011. Framlag til Kristnisjóðs skal vera 76,3 millj. kr. á árinu 2011.

XV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

27. gr.

Í stað ártalsins „2010“ í 14. og 15. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögumum kemur: 2011.

XVI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

28. gr.

Í stað fjárhæðanna „180.000 kr.“ og „153.500 kr.“ í 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: 184.140 kr., og: 157.030 kr.

XVII. KAFLI

Gildistaka.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi og koma til framkvæmda sem hér segir:

- a. 1., 4.–5., 7.–9. og 23. gr. öðlast gildi 1. janúar 2011 og koma til framkvæmda við álagningu 2012 og á staðgreiðsluárinu 2011 eftir því sem við á.
- b. 2. gr. öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda við ákvörðun barnabóta og álagningu gjalda á árinu 2011.
- c. 3. gr. öðlast gildi 1. janúar 2011 og kemur til framkvæmda við ákvörðun vaxtabóta og álagningu gjalda á árinu 2012.
- d. 6., 22. og 26. gr. öðlast þegar gildi.

- e. 10. gr. öðlast gildi 1. janúar 2011 og tekur til skipta á dánarbúum þeirra sem andast þann dag eða síðar, búskipta þeirra sem hafa heimild til setu í óskiptu búi fari þau fram eftir gildistöku laganna og álagningar erfðafjárskatts á fyrirframgreiðslu arfs vegna erfðafjárskýrslna sem berast sýslumönnum eftir gildistöku laganna.
- f. 11.–21., 24.–25. og 27.–28. gr. öðlast gildi 1. janúar 2011.

Gjört á Bessastöðum, 28. desember 2010.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Steingrímur J. Sigfússon.

A-deild – Útgáfud.: 30. desember 2010